



Reykjavík, 13. júní 2025

MSS24030028

TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð og skóla- og frístundaráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs og Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Efni tillögu: Úrbætur í skólaþjónustu

Lagt er til að:

- Fjölgað verði um fjögur stöðugildi í skóla- og frístundaþjónustu, það er a.m.k. þrjá talmeinafræðinga og einn sérfræðing eftir þörfum til að mæta mikilli þörf, sérstaklega í tengslum við málþroskavanda sem oft liggur að baki öðrum greiningum. Tveir sérfræðingar hefji störf þegar frá hausti 2025.
- Fjölgað verði um fjögur stöðugildi sálfræðinga til að styrkja snemmtæka íhlutun, svara ákalli heilbrigðisgeirans eftir frumgreiningum og auka viðveru í skólum. Tveir sérfræðingar hefji störf þegar frá hausti 2025.
- Fræðsla fyrir foreldra og kennara verði styrkt með reglubundnum, stuttum og aðgengilegum námskeiðum sem Keðjan mun hafa milligöng um, t.d. um uppeldistækni, málþroska og líðan. Námskeið hefjist frá hausti 2025.

Áætlaður kostnaður vegna tillögunnar er 146 m.kr. á ári frá og með árinu 2026, þar af 64 m.kr. vegna fjölgunar talmeinafræðinga, 68 m.kr. á ári vegna fjölgunar sálfræðinga og 14 m.kr. á ári vegna fræðslu foreldra og kennara. Ekki hefur verið gert ráð fyrir þeim kostnaði í fjárhagsáætlun sviðanna. Áætlaður kostnaður vegna ársins 2025 verði samtals kr. 26,7 m.kr. en lagt er til að í september verði strax fjölgað um tvo sálfræðinga (kr. 10,7 m.kr.) og tvo talmeinafræðinga (11,3 m.kr.) og að fræðsla hefjist jafnframt á sama tíma (kr. 4,7 m.kr.) Kostnaður rúmast ekki innan fjárheimilda sviðanna.

Greinargerð:

Forsaga:

Þann 19. júní 2024 samþykkti velferðarráð að stofna stýrihóp til að rýna biðlista barna og ungmenna eftir skólaþjónustu. Þann 17. nóvember sama ár skilaði Stýrihópurinn skýrslu til velferðarráðs með fjölda tillagna um úrbætur í skólaþjónustu. Ein af þeim tillögum var að fjölga sérfræðingum í skólakerfinu, s.s. talmeinafræðingum, sálfræðingum og hegðunarráðgjöfum og var sú tillaga lögð fram af meirihlutanum í borgarstjórn 4. mars 2025 í fyrstu aðgerðaáætlun Samfylkingar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, flokks fólksins og Vinstri grænna. Tillagan, SPJFV-10, um bættar starfsaðstæður í leik- og grunnskólum var samþykkt í borgarstjórn en hún hljóðar svo:

„Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að gera tillögur um fjölgun sérfræðinga í skólakerfinu eins og talmeinafræðinga og sálfræðinga, greina hvar helst er þörf á slíkum stuðningi og gera kostnaðar- og tímasetta áætlun sem miðar að því að þjónusta verði í boði frá og með næsta skólaári.“



Reykjavík



Greinargerð

Byggt er á skýrslu stýrihóps um rýningu á biðlista barna og ungmenna eftir sálfræðipjónustu miðstöðva og mat á framkvæmd þjónustunnar. Markmiðið er að stytta biðlista barna eftir skólaþjónustu og bregðast við sem fyrst með stuðningi við börn og foreldra.“

Til að bregðast við skýrslu stýrihópsins og þeirri tillögu sem meirihlutinn vísaði sérstaklega til skóla- og frístundaráðs, var samþykkt í velferðarráði 19. mars 2025 og í skóla- og frístundaráði 24. mars 2025 að setja á fót starfshóp með fulltrúum velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs til að fara yfir og kostnaðarmeta þær tillögur sem komu fram í skýrslu stýrihópsins sem og að gera tillögur um fjölgun sérfræðinga í skólakerfinu á grundvelli þeirrar tillögu sem samþykkt var í borgarstjórn 4. mars 2025.

Starfshópur um tillögur til úrbóta í skólaþjónustu.

Starfshópur um tillögur til úrbóta í skólaþjónustu tók til starfa strax að loknum fundi á grundvelli erindisbréfs sviðsstjóra SFS og VEL og var frestur til skila á lokaskýrslu 1. júní 2025. Hákon Sigursteinsson var formaður starfshópsins og er skýrsla hópsins meðfylgjandi. Ofangreind tillaga byggir á niðurstöðum starfshópsins.

Kostnaðarmat

Áætlaður kostnaður vegna tillögunnar er 146 m.kr. á ári frá og með árinu 2026, þar af 64 m.kr. vegna fjölgunar talmeinafræðinga, 68 m.kr. á ári vegna fjölgunar sálfræðinga og 14 m.kr. á ári vegna fræðslu foreldra og kennara. Ekki hefur verið gert ráð fyrir þeim kostnaði í fjárhagsáætlun sviðanna.

Áætlaður kostnaður vegna ársins 2025 verði samtals kr. 26,7 m.kr. en lagt er til að í september verði strax fjölgað um tvo sálfræðinga (kr. 10,7 m.kr.) og tvo talmeinafræðinga (11,3 m.kr.) og að fræðsla hefjist jafnframt á sama tíma (kr. 4,7 m.kr.) Kostnaður rúmast ekki innan fjárheimilda sviðanna.



Reykjavík